

## Fundargerð

### Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 7. febrúar 2024.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.17.20.

Mætt: Hrafnkell Marinósson (Teams), Ragnar Hilmarsson, Hildur Vilhelmsdóttir, Viðar Halldórsson, Magnús Gunnarsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Már Sveinbjörnsson (Teams), Aðalbjörg Óladóttir og Arnfríður Kristín Arnardóttir (Teams).

### Dagskrá:

#### 1. Fundur ÍBH með Valdimar Gunnarssyni verkefnisstjóra Allir með 12. janúar 2024

Valdimar kynnti verkefnið í stuttu mál. Á Íslandi eru u.þ.b. 3000 börn 17 ára og yngri með fötlun, af þeim eru 155 í íþróttastarfi eða um 4%. Markmiðið með verkefninu Allir með, er að fjölga fötluðum í skipulögðu íþróttastarfi.

Valdimar óskaði eftir því að skipuleggja fund í lok febrúar með allri íþróttahreyfingunni í Hafnarfirði, íþróttafulltrúa og ÍTH um að koma verkefninu á laggirnar í Hafnarfirði.

#### 2. Fundur ÍBH með FEBH um framboð á hreyfingu fyrir eldri íbúa í Hafnarfirði 17. janúar 2024

Upplýsingar af fundinum kynntar stjórn. Glærur um frístundastyrki eldri íbúa í Hafnarfirði árið 2023 lagaðar fram til kynningar og umræðna. Samtals greiðslur í frístundastyrki 2023 voru 8,9 milljónir króna. Nefnd stjórnar um málaflökkinn og framkvæmdastjóra falið að halda viðræðum áfram um málefnið við FEBH.

#### 3. Siglingaþing 24. febrúar 2024 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík

Lagt fram til kynningar. Kjörbréfið verður sent með seinna þingboði.

#### 4. Frjálsíþróttaping 15. – 16. mars 2024 Sauðárkróki

Lagt fram til kynningar. Kjörbréfið hefur verið sent á frjálsíþróttadeild FH sem á 9 fulltrúa á þinginu.

#### 5. Fundur ÍBH og UMSK með Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) um verkefnið farsæld barna fimmtudaginn 1. febrúar 2024

Efni fundarins var um farsæld barna og íþróttahreyfingin. Einnig var komið inn á mikilvægi þess að undirbúa þjálfara íþróttafélaga undir það að fá samtal varðandi barn sem væri verið að vinna með í teymi af hálfu skóla- eða félagsþjónustu.

Fundurinn ákvað að byrja á því að halda fund með aðildarfélögum ÍBH og boða til hans, formenn, deildarformenn, framkvæmdastjóra, íþróttastjóra og yfirþjálfara.

Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 12. mars 2024 kl. 17.00 – 18.00 í

Íþróttamiðstöðinni Kaplakrika í salnum Sjónarhól.

- 6. Styrktarsamningur mennta- og barnamálaráðuneytisins við ÍSÍ og UMFÍ**  
Lagður fram til kynningar og umræðna. Samningurinn var undirritaður 18. desember 2023 og gildir fyrir árin 2024 og 2025. Styrktarupphæð samningsins er 400 milljónir króna.
- 7. Starfsreglur á mati þjálfaramenntunnar í umsóknnum styrktarsjóðs fyrir yngri en 18 ára.**  
Reglurnar voru síðast endurskoðaðar í nóvember 2020. Í dag hefur 2. grein reglnanna tekið breytingum. Er í reglunum: Í seinni umsókn ársins er sótt um stuðning vegna menntun þjálfara og námskráa. Þarf að breytast í: Í seinni umsókn ársins er sótt um stuðning vegna menntun þjálfara og Fyrirmyndarfélags ÍSÍ / Fyrirmyndardeild ÍSÍ. Framkvæmdastjóra ÍBH falið að bera matið undir ÍSÍ og vinna lagfæringar á því ef sú verður niðurstaðan.
- 8. Frístundastyrkir árið 2023**  
Fyrir börn 6-18 ára með lögheimili í Hafnarfirði. Glærur lagðar fram til kynningar og umræðna. Mikilvægt að taka fram að fjöldi frístundastyrkja sýni ekki iðkendafjölda greina eða félaga, því börn geta eingöngu notað frístundastyrk í eina íþrótt eða tómsund. Samtals upphæð í frístundastyrki 2023 var 174 milljónir króna.
- 9. Önnur mál**  
a). Hestamannafélagið Sörli á 80 ára afmæli 7. febrúar 2024. Stjórn ÍBH sendir félaginu innilegar hamingjuóskir í tilefni dagsins og færði félaginu áritaðann glergrip, blóm og peningagjöf að upphæð kr. 400.000 samkvæmt reglugerð ÍBH um afmælisgjafir til aðildarfélaga.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.